



Innkaupa- og framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Útboð nr. 15212 – Götusalt 2021-2022

Þann 15. júní síðastliðinn voru opnuð tilboð í útboð nr. 15212 „Götusalt 2021-2022“.

Alls bárust tilboð frá þremur fyrirtækjum:

<u>M.J. Saltöla Pf.</u>	<u>kr. 112.950.000</u>
<u>Marsalt ehf.</u>	<u>kr. 86.116.320</u>
<u>Saltkaup ehf.</u>	<u>kr. 86.670.000</u>
<u>Kostnaðaráætlun</u>	<u>kr. 132.000.000</u>

Marsalt ehf. var lægstbjóðandi og hljóðaði tilboð þeirra upp á kr. 86.116.320 (65,24% af kostnaðaráætlun). Skoðun og yfirferð gagna sýndu að Marsalt ehf. uppfyllir lágmarkskröfur útboðsskilmála um hæfi vegna starfsréttinda og fjárhagslegt hæfi. Marsalt ehf. hefur hins vegar ekki lagt fram áskilin gögn til að sýna fram á að hann uppfylli lágmarkskröfur útboðsskilmála um faglegt og tæknilegt hæfi. Auk þess eru gögn sem bjóðandinn skilar inn hvað varðar samningstryggingu og starfskjör ófullnægjandi.

Tilboð Marsalts ehf. er því ógilt í skilningi 82. gr. oil. en þar af leiðir að kaupanda er ekki stætt á öðru en að hafna tilboðinu sbr. a-liður 1. mgr. 66. gr. oil.

Saltkaup ehf. var með næst lægsta tilboð sem hljóðaði upp á upp á kr. 86.670.000 (65,66% af kostnaðaráætlun). Skoðun og yfirferð gagna staðfestu að tilboð Saltkaupa ehf. stenst allar kröfur útboðsgagna, auk þess sem Saltkaup ehf stóðst einnig skoðun á fjárhag.

Undirritaður leggur til að samið verði við Saltkaup ehf. enda tilboð fyrirtækisins lægsta gilda tilboðið sem barst í útboðinu og í samræmi við skilmála útboðsgagna.

Virðingarfyllst,

Björn Ingvarsson
Deildarstjóri Þjónustumiðstöðvar borgarlandsins